

Oddvitar ríkisstjórnarinnar sem mynduð var eftir jaðl, jaml og fuður sumarið 1987; Steingrímur Hermannsson, Þorsteinn Pálsson og Jón Baldvin Hannibalsson.



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

# Umboðinu síðast skilað árið 1987

Langt er síðan óvissan í íslenskum stjórnámálum hefur verið eins mikil að afloknum kosningum og nú. Í tæp þrjátíu ár hefur gengið til þess að gera auðveldlega að mynda ríkisstjórn enda hafa kostirnir í stöðunni oftast verið skýrari en að þessu sinni.

Fara þarf aftur til ársins 1987 til að finna dæmi um að umboði til myndunar ríkisstjórnar hafi verið skilað aftur til Bessastaða. Eftir kosningarnar þá um vorið var staðan mjög flókin. Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks undir forystu Steingríms Hermannssonar, formanns Framsóknarflokksins, missti þá meirihluta sinn á þingi og ljóst að ekki yrði mynduð stjórn án aðkomu færri en þriggja flokka. Án Sjálfstæðisflokksins yrðu flokkarnir að vera fjórir. Áþekk staða og uppi er nú.

Staðan var raunar svo flókin að Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, tók sér ríflega tvær vikur til að ákveða hverjum hún fæli stjórnarmyndunarumboðið. Höfðu þá óformlegar þreifingar milli flokka staðið frá kosningum.

Steingrímur Hermannsson, formaður Framsóknarflokksins, varð á endanum fyrir valinu. Hvorki gekk hins vegar né rak hjá Steingrími sem skilaði umboðinu á fjórða degi.

Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, tók þá við keflinu. Hann þreifaði á öðrum flokkum í rúma viku áður en formlegar stjórnarmyndunarviðræður hófust við Kvinnalista og Alþýðuflokk. Upp úr þeim viðræðum slitnaði nokkrum dögum síðar og Þorsteinn skilaði umboðinu. Þá var hálf fimmta vika liðin frá kosningum.

Þá kom röðin að Jóni Baldvini Hannibalssyni, formanni Alþýðuflokksins, þriðja stærsta flokksins á þingi. Hann sneri sér til Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Við tók löng og ströng törn, þar sem skipt-

ust á gangur og þreyta. Menn deildu ekki einungis um málefnið, heldur var líka tekist á um forsætisráðuneytið. Jón Baldvin skilaði loks umboðinu í lok júní, rúmum tveimur mánuðum eftir kosningar.

Áfram héldu þó þreifingar milli sömu flokka og 2. júlí fékk Þorsteinn Pálsson umboðið öðru sinni. Ríkisstjórn hans tók svo við völdum viku síðar.

Sem frægt er sprakk þessi ríkisstjórn rúmu ári síðar í beinni útsendingu á Stöð 2 og við tók ríkisstjórn Framsóknarflokks, Alþýðubandalags og Alþýðuflokks. Síðar bættist Borgaraflokkurinn við.

## Í fyrstu atrennu

Venjan undanfarna þrjá áratugi hefur verið að stjórn hafi verið mynduð í fyrstu atrennu. Það er að segja formaður þess flokks sem fengið hefur umboðið fyrstur hefur náð að mynda starfhæfa stjórn.

Eftir síðustu alþingiskosningar, árið 2013, lá í loftinu að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn myndu hefja ríkisstjórnarsamstarf. Eina vafamálið var hvor fengi umboðið til að mynda stjórnina, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, eða Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, en flokkarnir bjuggu að jafnmörgum þingmönnum. Ólafur Ragnar Grímsson, þáverandi forseti Íslands, valdi Sigmundur með þeim rökum að kosningasigur Framsóknar væri stærri.

Þar áður, 2009, var líka augljóst að Samfylkingin og Vinstrihreyfingin – grænt framboð myndu sam-

## Á ýmsu hefur gengið

Á ýmsu hefur gengið við myndun ríkisstjórnar á lýðveldistímum og menn ekki alltaf verið sammála forseta Íslands þegar hann hefur úthlutað umboðinu. Það var t.d. mjög umdeilt þegar Kristján Eldjárn fól Lúðvíki Jósefssyni, formanni Alþýðubandalagsins, fyrstum stjórnarmyndun eftir mikinn sigur flokksins í alþingiskosningunum 1978. Lúðvík hafði á hinn bóginn ekki erindi sem erfði og Ólafur Jóhannesson, formaður Framsóknarflokksins, myndaði stjórn, raunar með Alþýðu-

bandalaginu og Alþýðuflokki.

Það var ekki síður umdeilt þegar Ásgeir Ásgeirsson fól Emil Jónssyni, formanni Alþýðuflokksins, myndun ríkisstjórnar árið 1958 en Alþýðuflokkurinn var þá minnsti flokkurinn á þingi.

Stjórnarkreppur voru mun algengari á fyrstu árum lýðveldisins og Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands, oftast en einu sinni nálægt því að mynda utanþingsstjórn en slíkt þykir alla jafna ekki góður kostur.

eina krafta sína í Stjórnarráðinu. Fyrirnefndi flokkurinn var mun stærri á þeim tíma og því fékk Jóhanna Sigurðardóttir, formaður hans, umboðið. Ekki var deilt um þá ákvörðun.

Sama átti við fjórum árum áður, þegar Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, var hinn augljósi kostur að afloknum kosningum. Hitt kom meira á óvart að hann skyldi velja Samfylkinguna til samstarfs.

Davíð Oddsson myndaði fjórar ríkisstjórnir meðan hann var formaður Sjálfstæðisflokksins; fyrst 1991 en síðan 1995, 1999 og loks 2003. Fyrsta kjörtímabilið starfaði flokkurinn með Alþýðuflokknum en skipti honum út fyrir Framsóknarflokkinn 1995. Það samstarf stóð til 2007 en Davíð vék úr stól forsætis-

ráðherra fyrir Halldóri Ásgrímsyni, formanni Framsóknarflokksins, 2004, sem vék svo sjálfur fyrir Geir H. Haarde, sem þá var orðinn formaður Sjálfstæðisflokksins, 2006.

Sjálfstæðisflokkurinn bar höfuð og herðar yfir aðra flokka á þessum tíma með upp undir og jafnvel yfir 40% atkvæða þannig að við blasti að Davíð fengi umboðið í öll skiptin. Það var helst 2003 að Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, hefði getað gert tilkall til þess en flokkur hans hlaut þá 31% atkvæða á móti tæplega 34% Sjálfstæðisflokks. Þá stóð stjórnarsamstarfið hins vegar á traustum grunni og Davíð fékk því umboðið.



Morgunblaðið/Eggert

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins.

## Knappur tími

Enda þótt margt sé líkt með stöðunni nú og árið 1987 er einn grundvallarmunur; þá var vor, nú er haust. Það þýðir að ekki er í boði að draga myndun nýrrar ríkisstjórnar í meira en tvo mánuði, þar sem koma þarf fjárlögum gegnum hið nýja þing fyrir áramót.

Eins og jafnan starfar sitjandi ríkisstjórn áfram enda þótt hún sé í reynd orðin umboðslaus. Á vettvangi hennar verða því ekki teknar stórar ákvarðanir.



Katrín Jakobsdóttir